




19. mars 2024


## Skattspor iðnaðar 462 milljarðar

Skattspor iðnaðarins, þ.e. framlag iðnaðarins til samfélagsins í formi skattgreiðslna, er umfangsmikið enda greinin stór hér á landi. Nam heildarskattspor iðnaðar 462 mö.kr. árið 2022 samkvæmt niðurstöðum Reykjavík Economics en Samtök iðnaðarins (SI) fengu fyrirtækið til þess að reikna skattspor iðnaðarins fyrir árið 2022 með sambærilegum hætti og hefur verið gert fyrir aðrar atvinnugreinar. Þröngt skattspor iðnaðarins er 213 ma.kr. og er það stærst allra útflutningsgreina. Til samanburðar nam þröngt skattspor ferðaþjónustunnar 92 ma.kr. og sjávarútvegsins 85 ma.kr. árið 2022. Skattspor iðnaðarins hefur stækkað síðustu ár en það nam 370 mö.kr. árið 2020 á verðlagi ársins 2022. Á tímabilinu frá 2017 til 2022 er samanlagt heildarskattspor iðnaðarins 2.441 ma.kr.

**Vítt og þröngt skattspor iðnaðar**  
Í milljörðum króna á verðlagi ársins 2022




**Samanlagt skattspor iðnaðar 2017-2022**  
Í milljörðum króna



Í skýrslu Reykjavík Economics er gert grein fyrir heildarskattspori iðnaðar sem einnig er nefnt vítt skattspor. Til viðbótar er reiknað þröngt skattspor iðnaðarins en þröngt skattspor er vítt skattspor að útskatti virðisaukaskatts undanskildum. Iðnaður stendur undir um þriðjungji af heildarveltu allra fyrirtækja hér á landi en í fyrra nam velta greinarinnar 2.066 mö.kr.. Skýrir það stórt skattspor greinarinnar í veltutengdum sköttum. Greiddi greinin í þessu sambandi 248 ma.kr. í útskatt virðisaukaskatts á árinu 2022. Þröngt skilgreint skattspor iðnaðar, þ.e. án virðisaukaskatts, var því 213 ma.kr. á því ári og á tímabilinu 2017-2022 nam það 1.048 mö.kr.

Framlag iðnaðar til líf skjara hér á landi má mæla með ýmsum hætti. Hið stóra skattspor greinarinnar endurspeglar þá staðreynd að umfang iðnaðar er mikið í íslensku efnahagslífi en hann stendur undir 26% verðmætasköpunar hagkerfisins. Hlutur greinarinnar í verðmætasköpun hagkerfisins hefur verið að aukast síðustu ár. Ljóst er að virðisæðja iðnaðarins hefur mikil og jákvæð áhrif á starfsemi fyrirtækja fyrir utan greinina. Vægi greinarinnar í landsframleiðslu og þar með skatttekjum hins opinbera er því meira en ofangreindar tölur um hlutdeild í landsframleiðslu og skattspor sýna ef óbein áhrif greinarinnar eru tekin með.

**Þröngt skattspor iðnaðar 2022**  
Í milljörðum króna




Við útreikning á skattspori íslensks iðnaðar studdist Reykjavík Economics við ársreikninga greinarinnar í gagnagrunni Hagstofu Íslands. Skattsporið árið 2022 samanstendur af 36,9 ma.kr. í tekjuskatti, 45,3 ma.kr. mótframlagi atvinnurekenda í lífeyrissjóð, 28,2 ma.kr. í tryggingargjald, 93 ma.kr. í tekjuskatt af meðallaunum starfsfólks í iðnaði, 9,7 ma.kr. í fasteignaskatta og 248,4 ma.kr. í útskatt VSK.

Iðnaður leggur mikið til atvinnusköpunar hér á landi og er í því sambandi skattspor hennar m.t.t. vinnuafstengdra skattgreiðslna hátt eða 167 ma.kr. árið 2022. Í iðnaði starfa um 51 þúsund sem eru ríflega einn af hverjum fimm starfandi á íslenskum vinnumarkaði. Laun í greininni eru há og yfir meðallaunum í hagkerfinu. Endurspeglar það háa framleiðni vinnuafls í greinum iðnaðar.


Af öllum útflutningsgreinum hagkerfisins er skattspor iðnaðarins stærst. Líkt og áður sagði er þröng skattspor iðnaðarins 213 ma.kr. en ferðapjónustunnar 92 ma.kr. og sjávarútvegsins 85 ma.kr. Það er óhugsandi að Ísland gæti skapað þau lífsgæði sem eru hér á landi í dag án útflutnings. Íslendingar flytja inn mikið af því sem þarf til neyslu og fjárfestinga og því þarf útflutning. Útflutningur er því forsenda góðra lífskjara hér á landi. Iðnaðurinn er stærsta útflutningsgreinin en á síðasta ári aflaði iðnaður 699 mö.kr. í útflutningstekjur eða sem nemur 38% af heildarútflutningstekjum þjóðarþúsins. Útflutningstekjur greinarinnar hafa aukist mikið á síðustu árum en þær fóru í fyrsta sinn yfir 300 ma.kr. árið 2010.

**Þröngt skattspor árið 2022**  
Í milljörðum króna




Atvinnugreinaflokkun ÍSAT2008 var nýtt við greininguna og iðnaðurinn flokkaður í tækni- og hugverkaiðnað, byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð og aðra iðnaðarframleiðslu, án fiskvinnslu. Heildarskattspor byggingariðnaðar og mannvirkjagerðar nam 167 mö.kr árið 2022 og er uppsafnað skattspor greinarinnar 893 ma.kr. á tímabilinu 2017-2022. Þröngt skilgreint skattspor greinarinnar nam 61 ma.kr. árið 2022 og uppsafnað 309 ma.kr. yfir ofangreint tímabil.

**Þröngt skattspor atvinnugreina árið 2022**  
Í milljörðum króna



### Heildarskattspor greina iðnaðar


Í milljörðum króna á verðlagi ársins 2022



Hugverkaiðnaður hefur verið í mikilli sókn hér á landi á síðustu árum og er greinin nú orðið ein af fjórum meginstöðum útflutningstekna þjóðarbúsins. Nam útflutningur greinarinnar 265 mö.kr. í fyrra og hafði þá fimmfaldast á 15 árum. Heildarskattspor hugverkaiðnaðar nam 150 mö.kr. árið 2022 og uppsafnað 827 ma.kr. yfir tímabilið 2019-2022. Þröngt skilgreint skattspor þeirrar greinar iðnaðarins nam 77 ma.kr. árið 2022 og 404 mö.kr. yfir ofangreint tímabil. Heildarskattspor annars framleiðsluiðnaðar (án fiskvinnslu) var 144 ma.kr. árið 2022 og 721 ma.kr. yfir tímabilið 2017-2022. Þröngt skilgreint skattspor þeirrar greinar iðnaðar nam 75 mö.kr. árið 2022 og 336 mö.kr. yfir ofangreint tímabil.

### Þröngt skattspor greina iðnaðar

Í milljörðum króna á verðlagi ársins 2022




Iðnaðurinn leggur sitt af mörkum til samfélagsins og gerir það m.a. í gegnum greiðslu skatta. Greinin og þau fyrirtæki sem hana mynda eru hins vegar ekki botnlaus brunnur skatttekna fyrir hið opinbera. Ríflega 40% verðmætasköpunar íslenska hagkerfisins rennur til stjórnvalda í formi skatta og gjalda. Hlutfallið er hátt í alþjóðlegum samanburði. Álögur hins opinbera á heimili og fyrirtæki í landinu í formi skatta og gjalda eru því miklar í samanburði við flest önnur ríki.

Álögur á íslensk fyrirtæki eru af ýmsum toga og margar mjög íþyngjandi fyrir atvinnulífið. Háir skattar og gjöld eru byrði á fyrirtækin og draga úr samkeppnishæfni þeirra. Með lækkun þessara áлага má efla fyrirtækin til aukinnar verðmætasköpunar. Stefna stjórnvalda þar sem leiðarljósið er lágir skattar og gjöld í samanburði við helstu samkeppnislönd eflir samkeppnishæfni fyrirtækja. Í skýrslu Reykjavík Economics er bent á að Ísland er komið á topp 12 listann meðal OECD ríkjanna þegar kemur að umsvifum hins opinbera. Útgjöld hins opinbera á Íslandi námu rúmlega 46% af vergri landsframleiðslu (VLF) skv. tölum OECD árið 2022. Umfang hins opinbera hefur farið vaxandi undanfarin ár og áratugi en vaxandi útgjöld hafa kallað á umfangsmeiri skattheimtu en áður.

### Heildarskattspor iðnaðar og verðmætasköpun

Í milljörðum króna á verðlagi ársins 2022



Í skýrslu Reykjavík Economics kemur fram að atvinnugreinar sem og stórfyrirtæki hafa verið undir sívaxandi þrýstingi að gera grein fyrir skattspori sínu. Mörg fyrirtæki hafa brugðist við því með því að birta skattspor sitt. Nú er brugðist við þessu ákalli fyrir iðnaðinn hér á landi. Útreikningurinn á skattsporinu tekur til allra skatta og gjalda sem fyrirtæki í greininni greiða.

### Skattspor greina iðnaðar árið 2022

Í milljörðum króna

